

hefir stungið uppá og álitur fullkomlega tryggjandi, en það er sjálfsgætt, að setja ofn í hvern klefa.

1872.

6. nóvbr.

Að því leyti, er snertir kostnaðinn við byggingu fangelsanna, skal þess getið, að stjórnarráðið hefir í hyggju, þegar fjárhags-áætlun Íslands verður gjörð, að útvega jafnaðarsjóði amtsins að láni úr landssjóðnum fæ það, sem með þarf, með þeim skilmálum, að borgaðir verði 4 af hundraði í vöxtu á ári hverju og $\frac{1}{15}$ uppi innstæðuna á þeim 15 árum, sem þá fara í hönd, en áður en ályktun verður gjörð um þetta efni, mælumst vèr til, að þér segið álit yðar bæði um áætlanirnar um fangelsin og um það, hvort þér með vissu álitið, eftir að þér hafið borið yður saman um það við menn, sem vit hafa á því, að íslenzkir handiðnamenn að öllu leyti sè vel færir um að byggja fangelsin, og hvort spara megí fè með því, svo nokkru muni.

Fylgiskjölin mælumst vèr til að fá aptur með svari yðru.

108. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu, um byggingu fangelsa þar í umdæminu.

6. nóvbr.

Eftir að dómsmálastjórnin hafði gefið stiptamtmaninum yfir Íslandi tækifæri til að kynna sèr álit það, sem amtið hafði látið uppi um stærð og fyrirkomulag þeirra fangelsa, sem byggja á í norður- og austur- umdæminu, hefir verið ályktað, að láta byggja þar þau 3 fangelsi, sem nefnd eru í tilskip. 4. marz 1871, og hafa 4 fangaklefi í hverju, og var jafnframt ráðgætt um þetta við forstjóra fangelsisstjórnarinnar. Eftir áskorun dómsmálastjórnarinnar hefir síðan timburmeistari *Klantz*, sem tókst á hendur á byggja hegningarhúsið í Reykjavík, samið tvær áætlanir — — —. (Bréf þetta er að öðru leyti samhljóða bréfinu á undan).